

Læsi skimunarpróf I í nóvember 2016

Niðurstöður í 1. bekk í skólum Byrjendalæsis

Læsi skimunarpróf fyrir 1. bekk samanstendur af þremur prófum. Fyrsta prófið var lagt fyrir nemendur í nóvember 2016, annað prófið verður lagt fyrir í febrúar 2017 og það þriðja í apríl.

Niðurstöður prófsins eru kynntar á eftirfarandi hátt:

1. Árangur tiltekins skóla í samanburði við aðra skóla sem kenna eftir Byrjendaæsi, myndir 1 og 2.
2. Árangur stelpna og stráka tiltekins skóla í samanburði við aðra skóla sem kenna eftir Byrjendalæsi, myndir 3 og 4.

Gögnum er dreift til viðkomandi skóla, leiðtoga viðkomandi skóla og skólafulltrúa þegar það á við.

Nemendafjöldi í 1. bekk í þeim skólum sem skiluðu niðurstöðum til MSHA var 584 og þar af tóku 552 nemendur prófið.

Almenn viðmið um viðunandi árangur er 61% og þar yfir. Nemendur sem eru undir þeim árangri þurfa á að halda öfluggu leiðsagnarmati og kennslu, ekki síst þeir sem raðast í neðsta hópinn, þ.e. ná undir 30% árangri.

Nánari upplýsingar fást hjá miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri


Ragnheiður Lilja Bjarnadóttir ragnheidurlilja@unak.is

Þóra Rósa Geirsdóttir thgeirs@unak.is


Guðbjörg Oddsdóttir, gudbjorg@unak.is

Helga Magnea Steinsson, helgams@unak.is


Rannveig Oddsdóttir rannveigo@unak.is




Mynd 1: Árangur Krikaskóla miðað við árangur allra Byrjendalæsissskóla.



Mynd 2: Árangur Krikaskóla miðað við árangur allra Byrjendalæsissskóla. Alls þreyttu 552 nemendur af 584 prófið og náðu 71% þeirra yfir 60% árangri. Í Krikaskóla tóku 26 nemendur af 29 nemendum prófið og náðu 81% þeirra yfir 60% árangri.



Mynd 3: Fjöldi stráka í Byrjendalæsissskólum var 308 og náðu 65% þeirra yfir 60% árangri. Stelpurnar voru 276 og náðu 78% þeirra sama árangri.



Mynd 4: Fjöldi stráka í Krikaskóla er 15 og stelpur eru 14. 67% stráka náðu yfir 60% árangri og allar stelpurnar náðu þeim árangri.